

Kona til hliðar?

Bókarhöfundur: **Margrét Gunnarsdóttir**

Bókarheiti: **Ingibjörg. Saga Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta.**

Gagnrýnandi: **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir**, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands.

Útgáfa: **Bókafélagið Ugla, Reykjavík 2011, 312 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin er lipurlega skrifuð, byggir á traustri rannsóknavinnu og frágangur allur er til fyrirmyndar. Auk þess að færa okkur Ingibjörgu lýsir þetta rit einnig upp áður skuggsælar hliðar á lífi og sögu Jóns, ekki síst þær sem snúa að einkalífinu. Margar eru þær konurnar sem horfið hafa af yfirborði íslenskrar sögu í þagnarhylinn en hér hefur Margrét fært okkur sögu konu sem átti stóran þátt í því starfi sem lagði og var notað til að leggja grunninn að þjóðfélagi vorra tíma. Slíkt rit verður seint fullþakkað.“

Hver er sú kona sem sprettur fram af bók Margrétar Gunnarsdóttur um Ingibjörgu Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar, óskabarns þjóðarinnar? Sú kona kom mér nokkuð á óvart enda ef til vill ekki annað hægt þar sem Ingibjörg hefur frá upphafi staðið í skugga bónda síns og lítið hefur verið um hana vitað eða henni hampað. Enginn kallaði hana óskabarn. En viti menn, í ljós kemur ákveðin og kappsöm kona, skapheit, góðgjörn og umhyggjusöm, sem skóp það umhverfi sem gerði dálítið draumlyndum bónda hennar kleyft að verða efni í sjálfstæðishetju þjóðar. Þessi kona var engan veginn „til hliðar“ eins og Steingrímur Thorsteinsson yrkir í erfiljóði um Jón og Ingibjörgu; það er seinni tíma tilbúningur.¹

Myndin af „ófríðu konunni“ og árin tólf

Margrét byrjar bók sína á að vísa í myndina sem flestir þekkja af þeim hjónum saman enda sú eina sem til er. Ekki verður sagt að Ingibjörg ljómi beinlínis af yndisþokka á myndinni við hliðina á glæsimeginu sem hún hafði nýlega gifst; hún sýnist þreytuleg og stíf og ekki vita hvað hún eigi að gera við hendurnar. Mikill er máttur myndefnis og víst er að þetta hjónaportrett hefur átt sinn þátt í því að móta mynd þjóðarinnar af þessari konu þótt fleira hafi vissulega komið til í þeirri smíð. Þegar við bætist að þessi að því er virðist fremur ófríða kona hafi beðið tólf ár í festum eftir glæsimeginu er hætt við að menn telji að Jón hafi neyðst til að kvænast henni. Á tímum þegar til hjónabanda er stofnað af ásthrifni getur það virst eðlileg ályktun en grunnhyggja er hún. Á öld Ingi-

bjargar og Jóns var miklu fleira sem kom til greina við stofnun hjúskapar eins og Margrét sýnir fram á. Ekki þar fyrir að Jón hafi ekki verið skotinn í Ingibjörgu. Hann segir í bréfi til bróður síns þremur vikum eftir brúðkaupið að hann hafi ekki komist austur til að sjá gos í Heklu „því fyrst var nú áfergjan að sofa hjá konunni“ (bls. 62).

En hvers vegna beið Ingibjörg öll þessi tólf ár eftir Jóni? Eins og Margrét bendir á var sæmilega tryggur fjárhagur nauðsynleg undirstaða hjónabands á þessari tíð og sá grundvöllur var ekki fyrir hendi árin tólf sem Ingibjörg sat í festum. Jón var ekki af efnuðu fólki kominn og hann lauk aldrei prófi frá Hafnarháskóla. Droll Jóns við námið minnir á annað óskabarn þjóðarinnar, Nóbelskálidið, sem ekki átti heldur auðvelt með að semja sig að kröfum sem gerðar eru í formföstu skólanámi. Próflaus átti Jón ekki greiðan aðgang embætti sem hefði getað brauðfætt þau hjón með einhverjum sóma og þótt Ingibjörg hafi lagt með sér fé í búid þá var það stofnfé ekki tekjur. Og svo var Jón heilsuveill árum saman.

Samt fer ekki hjá því að Jón virðist hálfgerður vingull í hjónabandsmálum sínum og ef til vill má leita skýringar á lélegri frammistöðu hans í próftöku í löngun til að ýta hjónabandsmálunum á undan sér. Það er ekki fyrir en Jón hafði verið kosinn til þings árið 1844 að hann komst ekki lengur hjá því að taka afstöðu til hjúskaparmála sinna. Hann varð auðvitað að sigla heim til að sitja þingið sem var haldið árið eftir og heima sat Ingibjörg í festum. Hann virðist samt ekki viss um hjúskapinn fram á síðustu stundu því eftir lok þingsins á ágúst 1845 segist hann „halda“ að hann muni nú giftast Ingibjörgu (bls. 60). Enn kemur fjárhagurinn við sögu því þótt Jón hafi nú fengið starf skjalavardar við Fornfræðafélagið í Höfn var það ekki vel launað og viðbúið að nokkuð basl gæti orðið á þeim hjónum eins og Margrét sýnir ágætlega að varð raunin. Það virðist vera Ingibjörg sem tekur af skarið og lætur ekki hlut sinn „þá en oft annars“ og svo giftust þau (bls.35).

Í þessari sögu af hjúskaparmálum þeirra Ingibjargar birtist Jón sem tvíátta og óöruggur, afar ólíkur þeirri mynd sem dregin er upp af hinni harðdrægu frelsishetju. Vera má að efniviðurinn í myndina af frelsishetjuni sé að einhverju leyti verk Ingibjargar því hún skóp Jóni þær aðstæður sem gerðu honum kleyft að sinna sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á þann veg sem hann gerði. Einnig kann að vera að Jón hafi áttað sig á því hver fengur var af Ingibjörgu í hugsjónastarfi hans og því loksins látið til skarar skriða. Hann kvæntist konu sem vissi hvað hún vildi og var honum trú og traust í einu og öllu. Verið getur að hann hafi hins vegar ekki haft mikla þörf fyrir hjónabandsást því ást og aðdáun fékk hann ómælda hjá karlkyns samferðamönnum sínum, sem sumir kvarta undan því að hann hafi ekki tíma til að sinna þeim eftir að hann var kvæntur; tími hans fari í konuna. Aðrir þakka honum ástsamlega fyrir samveruna eins og Matthías Ásgeirsson hreppstjóri sem skrifar: „...eg þakka þér af hiartans einlægni fyrir astar atlot þin og mér yndislegan fund næstlidid sumar...“ (bls. 67). Jón lifði og hrærðist í heimi karla og naut þar ómældrar virðingar og ástar. Var ást eiginkonu honum því ef til vill ekki jafn nauðsynleg og ella hefði verið? Og hvernig átti að koma konunni fyrir í umhverfi sem segja má að hafi verið andlega samkynhneigt? Ef til vill var það eitt af því sem þvældist fyrir Jóni í hjúskaparmálunum.

Hver var Ingibjörg Einarsdóttir?

Eins og Margrét segir í byrjun bókar sinnar er myndin af Ingibjörgu „heldur óskýr“ og að það sé með nokkrum ólíkindum (bls. 7). Þetta er rétt hjá Margréti ekki síst þar sem hún getur þess einnig að Ingibjörg sé sú kona sem oftast er nefnd í kennslubókum í sögu Íslands. Í þessu efni sakna ég þess að Margrét gerir litla tilraun til að skýra hvers vegna myndin af Ingibjörgu er svona óskýr. Vel hefði verið við hæfi að velta því ræki-lega fyrir sér í þessari bók einkum þar sem markmið hennar er að skýra þessa mynd. Af nógu er að taka í slíka umfjöllun; karllægni þess samfélags sem skapar myndina af Jóni og Ingibjörgu og setur Ingibjörgu „til hliðar“, menningarbundnar hugmyndir um hlutverk kvenna og hefðir íslenskrar söguritunar, nauðsyn Íslendinga til að skapa sér nýjan landsföður, upphafsmanndurreistrar þjóðar og tákngerving hins nýja samfélags sem þróaðist á Íslandi eftir daga þeirra hjóna.² Hvað segir þetta okkur um hvernig myndin af Ingibjörgu hefur verið dregin upp? Af nógu er að taka, efnislega og fræðilega.

Heimildir um Ingibjörgu liggja ekki á lausu, hún var ekki aðalpersónan í sinni eigin sögu eins og hún hefur verið sögð. En Margrét hefur af elju leitað uppi fjölda heimildabrota um Ingibjörgu og hún raðar þeim saman í heillega mynd af þessari huldukonu. Myndin sem birtist er af önnum kafinni konu sem aldrei féll verk úr hendi, ekki heldur árin sem hún sat í festum. Því fer fjarri að hún hafi setið í Reykjavík með hendur í skauti þau ár og mænt í áttina til Kaupmannahafnar. Hún hélt heimili fyrir aldraða foreldra sína og annaðist þau í ellinni, tók þátt í félagslífinu í smábænum Reykjavík og átti góðar vinkonur. Eftir að til Hafnar kom þurfti hún að laga sig að nýjum og ótryggum aðstæðum og gerði það.

Ingibjörgu er hvað eftir annað lýst sem ákveðinni konu og forki duglegum. Fyrstu ár þeirra Jóns drýgði hún tekjur þeirra með saumaskap og með því að taka leigjendur inn á heimilið. Þegar fram liðu stundir gáfu snúningar fyrir fólk á Íslandi og umönnun barna og unglinga þaðan drjúgan arð í formi matarsendinga frá Íslandi. Jón var því ekki einn um að framfleyta heimilinu. Jón telur það til kosta eiginkonu sinnar hversu ráðdeildarsöm hún sé og þó að heimili þeirra hafi staðið í Kaupmannahöfn telur Margrét að það hafi í raun verið íslenskt alþýðheimili, störf Ingibjargar hafi verið miklu fjölbreyttari og meira krefjandi en störf danskra borgarakvenna. Athygli vekur hversu heimilið var að sumu leyti einangrað frá danska samfélaginu, Danir komu þar sjaldan og voru sjaldan sóttir heim af Ingibjörgu og Jóni enda þau hjón í baráttu gegn dönskum yfirráðum á Íslandi.

Þess í stað var heimilið opinber vettvangur Íslendinga í Höfn sem knúðu dyra í tíma og ótíma til að hitta „forseta“ og alltaf sá Ingibjörg um að taka sómasamlega á móti gestunum. Hún rak í raun eins konar „salon“ að þeirra tíðar hætti og það alla daga. Ingibjörg var engan veginn þögul húsmóðir á þessum vettvangi, þvert á móti. Hún var félagslynd, tók virkan þátt í umræðum, þótti hispurslaus í tali og kappsfull. Hún hafði mikinn áhuga á Íslandsmálefnum en var einnig vel að sér um ýmislegt nýjabrum eins og hugmyndir John Stuart Mills um kvenfrelsi. Rit hans *Kágun kvenna* kom út á dönsku árið 1869 og fram kemur að Ingibjörgu var vel kunnugt um það. Bendikt Gröndal segir að heimili þeirra Jóns hafi verið „eitthvert hið skemmtilegasta

hús, sem ég hef komið í, því húsmóðirin var ekki síður“ (bls. 131). Margrét leggur mikla áherslu á vináttu þeirra hjóna og hversu samhent þau voru og oft á tíðum koma þau fyrir sjónir sem samhentir forstjórar fyrir fyrirtæki að nafni Jón Sigurðsson.

Ingibjörgu hefur verið brugðið um menntunarskort en það er afar ósanngjarnt því á hennar tíð áttu ungar konur engan kost á að mennta sig. Um leið og hún komst í umhverfi þar sem fróðleikur var til staðar tileinkaði hún sér hann, eftir því sem annir hennar leyfðu. Og annirnar voru geysilegar samkvæmt lýsingu Margrétar. Fyrir utan heimilis- og „salon“reksturinn, tók hún að sér veik börn frá Íslandi, ungmenni sem voru fjarri heimaslóð, snerist út um alla bæ að sinna erindum frá Íslandi allt frá því að kaupa tvinna til að leita að týndum eiginmönnum. Í raun ráku Ingibjörg og Jón það sem nú er kallað borgarþjónusta í störfum íslenskar sendiráða. Greiðasemin sem átti þátt í lýðhylli Jóns var oft verk Ingibjargar. Svo saumaði hún, heklaði og þrjónaði, skrifaði bréf og var mesta ferðakona íslensk á sinni tíð því hún fór jafnan með Jóni til Íslands um þingtímamann. Skipulagsgáfu hennar er við brugðið og ráðrík gat hún verið. Hún er sögð hafa verið hrein og bein og átt erfitt með að tala þvert um hug sér. Sums staðar kemur hún fyrir sem eldheit baráttusál.

Álitamál

Hvernig stendur á því að myndin sem Íslendingar hafa haft af þessari konu er svo gjörólík þeirri sem kemur fram í bók Margrétar? Það er viðfangsefni í sjálfu sér og sakna ég þess að Margrét gerir litla tilraun til að taka á því eins og áður segir. Ingibjörg var félagi Jóns í störfum hans og trúnaðarvinur, ekki þögult viðhengi hans. Hún skóp að auki það umhverfi sem gerði Jóni kleyft að sinna störfum sínum; hann var lánssamur að kvænast henni en ekki aðeins öfugt eins og gjarnan hefur verið haldið á lofti. Einkar vel kemur fram hversu rækilega var hjólað yfir Ingibjörgu þegar arfleifð þeirra hjóna var annars vegar. Þegar Tryggvi Gunnarsson fór fram á það í banalegu Ingibjargar að hún gæfi, í nafni eiginmannsins, allar eigur þeirra til Íslands reyndi hún að reisa við rönd og segir „Þér nefnið hann einan, ekki mig líka“ (bls. 256). Verið var að ráðstafa eigum hennar og lífsstarfi ekki síður en Jóns. Svo virðist sem hún hafi á þessari stundu, fárveik, gefist upp fyrir Tryggva því hún segir svo „Hafið það eins og þér viljið“ (bls. 256). Og af því hefur saga hennar síðan mótast, af vilja þeirra sem skráðu sögu Jóns og gerðu hann að því þjóðartákni sem hann hefur síðan verið. Í þeirri sögu var ekki pláss fyrir Ingibjörgu nema sem húsmóður „til hliðar“, „forseti“ skyldi stíga fram einn og óstuddur í hetjuljóma karlmennskunnar.

Ég sakna þess einnig hversu lítið Margrét fjallar um barnleysi Ingibjargar og hvað það hefði getað þýtt fyrir konu sem bjó í samfélagi þar sem helsta hlutverk kvenna var að vera móðir. Barnlausar konur þóttu, og þykja jafnvel enn, ekki alvöru konur. Ingibjörg var rækilega negld niður í hitt meginhlutverk kvenna, hlutverk húsfreyjunnar, en hún átti ekki sjálf barn þótt hún sinni þeim mörgum og þau Jón tækju að sér systurson Jóns, Sigga litla, frá átta ára aldri. Ingibjörg var félagi og samstarfmaður Jóns á þeim opinbera vettvangi sem heimili þeirra var og þáttakandi í stjórnmálum þessarar tíðar. Freistandi er að velta fyrir sér hvort hún hafi vegið salt á menningarmörkum kvenleika og karlmennsku eins og þá var lítið á menningarbundin hlutverk kynjanna.

Það vekur til dæmis athygli að Ingibjörg virðist ekki hafa hirt um að skarta íslenska kvenbúningnum þótt ein aðferð eiginmanns hennar og Sigurðar málara í sjálfstæðisbaráttunni hafi verið að hvetja konur til að klæðast íslenskum búningi, táknrænum klæðnaði séríslensks kvenleika og undirstrikun á að Íslendingar og Danir voru ekki sama þjóðin. Algengt var að íslenskar konur létu mynda sig á búningi en engin slík mynd er til af Ingibjörgu. Hvað segir þetta okkur um hvernig Ingibjörg sá sjálfa sig? Margrét segir okkur að hún hafi viljað semja sig að háttum danskra borgarakvenna en er það næg skýring? Þessi kona lifði og hrærðist í íslenskum heimi á Hafnarslóð og hún var gift manni sem var vakinn og sofinn yfir málefnum Íslands. Hvers vegna fylgdi hún honum ekki þegar kom að tákni íslensks kvenleika, þjóðbúningnum, eins og hún fylgdi honum í öllu öðru? Hér er glufa inn í persónuleika Ingibjargar sem athyglisvert hefði verið að kanna nánar.

Margrét leiðir okkur listilega um sögu Ingibjargar og á miklar þakkir skildar fyrir. Ég hefði gjarnan viljað sjá Margréti skoða þessa sögu úr eilítið meiri fjarlægð endrum og sinnum og greina líf Ingibjargar og stöðu betur í samhengi við samfélag og menningu þessara tíma. Þriggja blaðsíðna kafli um kvenfrelsi fjallar til dæmis um kvenfrelsið í lífi Ingibjargar og Jóns en lítið er skoðað hvað þær hugmyndir sem þá voru á kreiki um þessi efni segja okkur um líf Ingibjargar í víðara samhengi við stöðu kvenna á þessum tíma bæði á Íslandi og í Danmörku. Margrét leitar samt víða fanga til að bregða upp lýsingum á samfélagi og menningu þessara tíma og er það vel. Nokkuð er um getgátur eins og „ætli Ingibjörg hafi ekki ...“, en það er eðlilegt miðað við hversu lítið er til af heimildum frá Ingibjörgu sjálfri. Dálítið er einnig um endurtekningar á efnislegum atriðum en þetta eru smáatriði.

Bókin er lipurlega skrifuð, byggir á traustri rannsóknavinnu og frágangur allur er til fyrirmyndar. Auk þess að færa okkur Ingibjörgu lýsir þetta rit einnig upp áður skuggsælar hliðar á lífi og sögu Jóns, ekki síst þær sem snúa að einkalífínu. Margar eru þær konurnar sem horfið hafa af yfirborði íslenskrar sögu í þagnarhylinn en hér hefur Margrét fært okkur sögu konu sem átti stóran þátt í því starfi sem lagði og var notað til að leggja grunninn að þjóðfélagi vorra tíma. Slíkt rit verður seint fullpakkað.

Aftanmálgreinar

- 1 „Hvílir til hliðar; Húsfrú prýði kvenna“, bls. 261. Þótt Steingrímur sé hér öðrum þræði hér að vísa til að þess að Ingibjörg var lögð til hinstu hvílu við hlið Jóns er hér myndhverfing á ferðinni sem einnig vísar til stöðu hennar við hlið hetjunnar.
- 2 Sjá t.d. Páll Björnsson 2011. *Jón forsæti allur? Tákennyndir þjóðbetju frá andláti til samtíðar*. Sögufélag, og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2011: „Spurning *Sögu*: Hver, hvað... var, er... Jón Sigurðsson“. *Saga* 49 (2): 14-17.